

M-41/2012 Álit 30. ágúst 2012

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. ágúst 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-41/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi: „Y höfðu samband við mig í síma undir lok árs 2009 til að bjóða mér í viðskipti með Z kort. Ég samþykkti að koma í viðskipti á grundvelli tilboðs sem sett var fram af sölumanni. Skv. tilboðinu átti ég að geta valið um og breytt m.a. úttektarheimild sem var í upphafi sett 200.000 og svo endurgreiðsluhlutfalli. Ég valdi 100% endurgreiðsluhlutfall í upphafi. Beiðni um breytingu á endurgreiðsluhlutfalli úr 100% í 25% sendi ég að liðnum nokkrum mánuðum. Beiðninni var hafnað þar sem nýjar reglur um kortin hefðu tekið gildi. Eftir að ég sendi kvörtun til framkvæmdastjóra þar sem ég vísaði í fyrrgreint tilboð sem var jú grundvöllurinn að því að ég hóf viðskiptin var beiðnin samþykkt. Í framhaldi hef ég í tvígang sent inn beiðni um hækkun heimildar. Í bæði skiptin er mér hafnað á þeirri forsendu að til þess að hægt sé að breyta heimild þurfi vikomandi að vera með 100% endurgreiðsluhlutfall. Sem sagt Y standa ekki við tilboðið sem þau gerðu mér til að ná mér í viðskipti.“ Fer álitsbeiðandi loks fram á að kæruneftndin gæfi álit á því hvort umrædd háttsemi kortafyrirtækisins stæðist lög.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Það er ljóst að ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu kortafyrirtækis. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hvernar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum þykir kæruneftndinni ljóst að kaup á þjónustu kortafyrirtækis falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki

heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kæruneftndin telur rétt að benda álitsbeiðanda á að starfrækt er sérstök nefnd sem tekur á málum er varða ágreining á milli fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra, Úrskurðarneftnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Kæruneftndin getur hins vegar ekki tekið afstöðu til þess hvort sú nefnd telur þann ágreining sem hér er til umfjöllunar vera á valdsviði sínu. Neftnd þessi er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónstukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir